

Ingi Rúnar Jónsson¹, Þorleifur Eiríksson², Hjalti Karlsson³, Jóhannes Sturlaugsson¹, og Sigurður Már Einarsson¹.

¹Veiðimálastofnun, ²Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík, ³Fagraholti 12 Ísafirði, ⁴Veiðimálastofnun á Borganesi.

Vatnakerfi Fljótavatns í Fljótavík á Hornströndum

Fiskrannsóknir, vatnshita- og seltumælingar 1999-2001

Fljótavatn í Fljótavík á Hornströndum er eitt af nyrstu vötnum landsins og flokkast sem sjávarlón vegna tengsla þess við sjó um Atlastaðaós. Flatarmál Fljótavatns og Atlastaðaóss er um 4 km².

Haustið 2001 var farið í viðamiklar rannsóknir á lífríki Fljótavatns og vatnakerfis þess, en vatnshita- og seltumælingar höfðu þá verið í gangi þar um nokkurt skeið. Vatnshiti Reiðár var nærri 0 °C yfir veturinn, en fór hæst í 12°C yfir sumarið. Niðurstöður mælinga í Fljótavatni sýndu áhrif innstreymis sjávar í vatnið, sem þó voru mismikil eftir árstíðum. Að vetrinum var sjór sem streymdi inn í vatnið hlýrri en Fljótavatn, en að sumrinu var vatnshiti Fljótavatns hærri en sjórinn.

Rafveiðar í tveimur ám gáfu vísbendingar um mikinn þéttleika bleikjuseiða í þeim, en seiðin voru frá vorgömlum til tveggja ára. Bleikja var einnig veidd með lagnetum á tveimur stöðum í Fljótavatni og voru tveir stærðarhópar áberandi umfram aðra (10-16 cm og 30-40 cm). Áberandi mikill munur var í meðallengd þriggja og fjögurra ára bleikja sem bendir til aukins vaxtar, líklega vegna sjávargöngu. Þetta er í samræmi við það hvaða aldurshópar fundust með rafveiðum í ánum. Yngstu kynþroska bleikjurnar voru fjögurra ára. Niðurstöðurnar benda til þess að Fljótavatn hafi jákvæð áhrif á stofnstærð bleikju á vatnasvæðinu.